

Ed.

833. Nefndarálit

[146. mál]

um frv. til sjómannalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Allmargar umsagnir bárust um frumvarp þetta, einkum frá félögum og samtökum sem tengjast siglingum og sjávarútvegi, og hefur nefndin m. a. haft mið af þeim umsögnum við umfjöllun um frumvarpið og við gerð breytingartillagna sinna, en að öðru leyti felst nefndin á frumvarpið í megindráttum og mælir með samþykkt þess.

Umsagnaraðilar voru: Samband ísl. kaupskipaútgerða, Sjómannafélag Ísfirðinga, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Verkalýðs- og sjómannafélag Akraness, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, L. Í. Ú., Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn, Slysavarnafélag Íslands, Verkalýðs- og sjómannafélag Vopnafjarðar, Stýrimannafélag Íslands, Sjómannafélag Reykjavíkur og Sjómannasamband Íslands.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal tekið fram:

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á 6. gr. frv., felst í því að í ráðningarsamningi skuli, auk þeirra atriða sem talin eru í frv., getið um nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja viðkomandi skipverja, en af því leiðir m. a. augljóst hagræði fyrir skipstjóra eða útgerðarmann ef tilkynna þarf um alvarlegt slys sem skipverji hefur orðið fyrir.

Varðandi brtt. við 8. gr. frv. tekur nefndin fram að hún telur nauðsynlegt að nýliðum sé sýndur allur björgunar- og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og þeim veittar leiðbeiningar í því sambandi.

Um brtt. nefndarinnar við 36. gr. frv. skal tekið fram að eftir ítarlegar umræður urðu nefndarmenn sammála um að leggja til að 36. gr. frv. skuli svara nákvæmlega til 18. gr. l. 67/1963, sbr. 38. gr. l. 49/1980, þ. e. að viðkomandi ákvæði verði lögtekin í óbreyttu formi frá því sem nú er. Telur nefndin að eigi séu komin fram fullnægjandi rök fyrir því að gildandi ákvæðum um „staðgengilsreglu“ svokallaða verði breytt nú svo skömmu eftir að viðkomandi ákvæði í 18. gr. sjómannalaga voru færð í núverandi horf með l. nr. 49/1980.

Breytingu þeirri, sem nefndin leggur til að gerð verði á orðalagi 64. gr. frv., er ætlað að taka af allan vafa um að lög, sem sett hafa verið um lágmarkshvöldartíma skipverja og nú eru í gildi, sbr. einkum l. nr. 53/1921, haldi gildi sínu þrátt fyrir tilkomu nýrra sjómannalaga, auk þess sem síðar kunna að verða gefin nánari fyrirmæli um þetta efni í lögum.

Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1985.

Egill Jónsson,
form., frsm.
Jón Kristjánsson.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.
Kolbrún Jónsdóttir.

Árni Johnsen.
Skúli Alexandersson.